

Nd.

840. Breytingartillögur

[290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Matthíasi Bjarnasyni og Albert Guðmundssyni.

1. Á eftir 9. gr. frumvarpsins komi ný grein, er verði 10. gr. þess, og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:
 2. tl. B-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:
Fenginn arð, sbr. 9. gr.
2. 10. gr. frumvarpsins, er verði 11. gr. þess, orðist svo:
 1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1981, orðist svo:
Vaxtagjöld, afföll og gengistöp, skv. 2. mgr. 51. gr., að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.—5. tl. 1. mgr. 8. gr., allt að 2 500 000 gkr. (25 000 nýkr.) hjá hverjum manni, en 5 000 000 gkr. (50 000 nýkr.) hjá hjónum, enda

séu gjöld þessi af skuldum við Lánasjóð íslenskra námsmanna eða skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða endurbóta á því. Endurbót telst það í þessu sambandi ef heildarkostnaður við endurbæturnar á skattárinu er 7% eða meira af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins í árslok.

Vaxtagjöld vegna annarra skulda en skulda við Lánasjóð íslenskra námsmanna eða fasteignaveðskulda til tveggja ára eða lengri tíma er þó einungis heimilt að draga frá tekjum:

- a. Að því er íbúðarkaup eða endurbætur varðar á næstu 3 skattárum talið frá og með kaupári eða því ári er endurbæturnar eiga sér stað.
 - b. Að því er nýbyggingar varðar á næstu 6 skattárum talið frá og með því ári, sem bygging er hafin á, eða til og með því ári, sem húsnæðið er tekið til íbúðar, ef það er síðar.
3. Við 14. gr. frumvarpsins, er verði 15. gr. þess. Í stað „40%“ í 2. málslið komi: 50%, og í stað „60%“ í 3. málslið sömu greinar komi: 50%.
4. 24. gr. frumvarpsins, er verði 25. gr. þess, orðist svo:
1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:
Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 2 345 000 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 20%, af næstu 4 830 000 gkr. reiknast 30%. en af tekjuskattsstofni yfir 7 175 000 gkr. reiknast 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.
5. 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins, er verði 26. gr. þess, orðist svo:
Persónuafslætti skal fyrir hvern mann ráðstafað til greiðslu á eftirtöldum opinberum gjöldum, sem lögð eru á vegna tekjuársins, í þessari forgangsröð:
1. Reiknuðum skatti af tekjuskattsstofni manns skv. 1. mgr. 67. gr.
2. Siúkratryggingagjaldi manns.
3. Eignarskatti manns.
4. Útsvari manns.
5. Kirkjugarðsgjaldi manns.
6. Sóknargjaldi manns.
7. Þeim opinberu gjöldum, sem um ræðir í 1.—6. lið og lögð eru á maka manns, í þeirri forgangsröð er að ofan greinir, enda sé um að ræða persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkv. ákvæðum 63. gr. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá er óráðstafað, fellur niður.
6. Á eftir 25. gr. frumvarpsins, er verði 26. gr. þess, bætist við tvær nýjar greinar, er verði 27. og 28. gr., og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Greinarnar orðist svo:
a. (27. gr.) 72. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:
Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 53% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.
b. (28. gr.) Aftan við 78. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 7/1980, bætist nýr málsliður er orðist svo:
Þá er mönnum heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., hlutabréf á sama verði og um getur í 1. mgr. 5. tl. 74. gr.
7. Á eftir 26. gr. frumvarpsins, er verði 29. gr. þess, bætist við tvær nýjar greinar er verði 30. og 31. gr. þess. Greinarnar orðist svo:
a. (30. gr.) 83. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:
Eignarskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr., svo og þeirra íslensku ríkishorgara, sem búsettir eru erlendis um stundarsakir og skattskyldir eru skv. 3. gr., reiknast þannig:
Af fyrstu 26 700 000 gkr. eignarskattsstofns greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,8%.

- b. (31. gr.) 84. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:
Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila, sem takmarkaða skatt-
skyldu bera skv. 3. gr., sbr. þó ákvæði 83. gr., skal vera 0,8% af eignarskatts-
stofni.
8. 32. gr. frumvarpsins, er verði 37. gr. þess, orðist svo:
121. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:
Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 1., 3. og 4. tl. C-liðs,
3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr.
67. gr., 68. gr. og 69. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlög-
um ár hvert. í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.
Fjárhæð sú, er um ræðir í 83. gr., skal hækka eða lækka árlega samkvæmt
verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., í fyrsta skipti við álagningu eignarskatts á
árinu 1982.
9. Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, er verði ákvæði til bráða-
birgða II og orðist svo:
Við útreikning á verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. skal innborgun á hlutfé
eða öðru eigin fé á tekjuárinu dregin frá heildarfjárhæð skulda í lok næstliðins
árs. Ákvæði þetta gildir um innborgun eigin fjár á árunum 1980—1982.